

Jólin 2017



Öllum færi ánægðum
endurnýjuð sólin
gyðjunum og gumunum,
gleðilegu jólin.

Gleðileg jól og farsæl komandi ár!

Hjartans þökk fyrir hlýjan hug og vinsamleg samskipti.

Gísli Ólafur og Ragna Freyja



Prettándaferðin í Þórsmörk 6. - 7. jan. 2018

Föstudag 5. jan. - forfarar kanna færð og kynda skálann.

Laugardagur 6. jan. - kl. 10 frá Hvalsveili.

Leiðir lagðar eftir veðrum og vindum.

Sunnudagur 7. jan. kl. 11 úr Langadal.

Áætluð heimkoma kl. 20.



Sjá nánar á >> GOPfrettir.net/open/farplan

Jólablandan

Guðdómlegt

Unga fólkid er orðið eins og Jesú: Það býr heima hjá sér til þrúts og ef það gerir eitthvað þá er það kraftaverk.

Með glöðu geði

Markús minn, þú ættir ekki að vera að fjargviðrast þetta út í kerfið og bara greiða þín opinberu gjöld með glöðu geði.

Uss, Jóhannes minn, heldurðu að þeir láti það duga? Ó-nei. Þeir heimta peninga líka.

Hjá tannlæknum - (frá GGj)

Konan var svo þung á svipinn að tannlæknirinn ákvað að reyna að hressa hana ögn. Þegar hann smeygði sér í hvítu teygjuplast-hanskana sagði hann bullskríttlu um tilurð þeirra.

Veistu, sagði hann, hvernig hanskar eru búnir til? Hún svaraði engu og hann hélt áfram: Það er látið plast-teygjuefni í dall, svo stingur einn maður höndunum ofan í dallinn og þegar hann tekur þær upp aftur er efnið þegar mótað í vettlingana.

Þetta hreyfir ekkert við konunni. Jæja, hugsar hann. Best að drífa bara í þessu - og hefst handa. Nokkru síðar tekur hann eftir því að konan er farin að brosa eða jafnvel háflhlæja, sem þó er erfitt hjá tannlækni að störfum. Hann slakar á, dregur sig frá svo hún geti talað og spyr hana hvað skemmti hug hennar svo mjög.

O - það var nú sosum ekki kannski merkilegt, segir hún. Ég fór bara að hugsa um hvernig smokkar yrðu til.

Vit á bílum

Bíll stoppar á þjóðvegnum og fer ekki aftur í gang. Bílstjórinn opnar húddið og horfir ráðalaus á vélbúnaðinn. Skyndilega heyrir hann sagt: *Það er í blöndungnum.*

Hann lítur í kringum sig en þar er engan að sjá. Hann telur að hann hafi misheyrt og skoðar vélina betur. Enn heyrir hann að sagt er greinilega: *Það er í blöndungnum.*

Hann lítur strax upp en sér ekkert kvikt nema gráan hest sem stendur þar nærri og horfir á hann.

Bílstjórinn sér að hann ræður ekki fram úr þessu og fer heim á næsta bæ til að fá hjálp. Í samtali

hans við bóndann segir hann að svo undarlega hafi borið við að honum hafi heyrst einhver vera með ráðleggingar við sig en enginn verið nærri nema eitt hross í haga.

Bóndinn segir þá: *Heyrðu, var það grái hesturinn?*

Bílstjórinn játar því.

Þú skalt ekkert hirða um það sem hann segir. Hann hefur ekkert vit á bílum.

Einn?

Jæja Rósa mín. Þá er ég búinn að segja þér frá því helsta sem gerðist þegar ég var í björgunarsveitinni.

Já, en, pabbi, - hinir hjálparmennirnir - af hverju gerðu þeir ekki neitt?

Jaa-a ...

Elsku litli drengurinn minn, hvort langar þig heldur að eignast litinn bróður eða litla systur? Æ, ef þú hefðir ekki of mikið fyrir því, elsku mamma mín, þá mundi mig helst langa til að eignast hvolp.

Ljósir punktar - (Krydd í tilveruna 1982-Vaka)

Ólafur Mixa, heimilislæknir, var staddur í vitjun. Eftir að hafa rannsakað húsbóndann á heimilinu, sem lá illa haldinn í rúminu, bað hann eiginkonuna að segja við sig orð frammi á ganginum.

Maðurinn þinn lítur alls ekki vel út, segir hann. Það finnst mér ekki heldur, segir konan, en hann er góður við börnin.

Heilavandi - Brain-Drain

Högni Egilsson las setningu sem honum þótti hæfa sér: *I have finally discovered what is wrong with my brain:*

*On the left side there is nothing right,
and on the right side there is nothing left.*

* * * *

Góp-aðist í Gamanbók
- geði léttir menntu -
vísast enginn eftir tók
að aðeins skilst á ensku.

* * *